

3. gr. Dánarbætur

3.1 VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgilds félagsfólks og barna þeirra. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði. Dánarbætur vegna þeirra sem verið er að greiða fyrir til Sjúkrasjóðs VR við dauðsfall eru:

1. Ef hinn látni var giftur greiðast bætur til maka kr. 500.000. Ef hinn látni var ógiftur greiðist kr. 500.000 til þess aðila sem staðfest er að greiðir fyrir útför.

2. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðast vegna hvers barns kr. 800.000,- til þess sem sannarlega hefur barnið á sínu framfæri.

3. Að auki greiðist upphæð sem svarar til inneignar viðkomandi í VR varasjóði.

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 60 ára aldur eða síðar hafi það verið fullgilt félagsfólk í samfelld 5 ár áður en það lét af störfum:

1. Ef hinn látni var ógiftur kr. 210.000,-

2. Ef hinn látni var giftur kr. 350.000,-

3. Bætur greiðast aðeins skv. öðrum af töluliðunum nr. 1 eða 2.

3.3 Dánarbætur vegna barna félagsfólks yngri en 18 ára eru 400.000 kr.